

Prókúruhafi ESE79 ehf. hefur óskað eftir því að eftirfarandi tillaga verði lögð fyrir aðalfund Íslandsbanka hf. þann 17. mars 2022.

*Hluthafafundur samþykkir að ekki verði komið á kaupréttaréttakerfi á hlutabréfum í bankanum. Bankinn móti sér stefnu að borga öllum starfsmönnum sínum laun sem séu í samræmi við ábyrgð og álag í starfi og kaupréttir eigi ekki og verði ekki hluti af þeim kjörum.*

*Greinargerð með tillögu:*

*Það mun styrkja stöðu bankans meðal almennings og hluthafa ef bankinn markar sér frá upphafi þá stöðu að skil séu á milli hagsmuna starfsfólks, hluthafa og viðskiptavina bankans. Kaupréttafyrirkomulag hefur í gegnum tíðina sýnt sig að vera spillt fyrirkomulag sem leiðir til hagsmunaárekstra og sá ógnargróði sem stjórnendur hafa náð út úr störfum sínum með kaupréttasamningum verið umdeildir. Með þessari tillögu næst samhljómur og samstaða með almenningi í landinu sem er mótfallinn þessu fyrirkomulagi.*